

**Bekkur:** 7. bekkur  
**Námsgrein:** íslenska  
**Kennarar:** Þorgerður Þóra Hlynsdóttir  
**Tímafjöldi:** 6 tímar á viku

**Námsgögn:** Málrækt, Stöngin inn, Skinna, Skrudda, Skræða, Lesfimipróf, Orðarún og önnur gögn frá kennara.

**Lykilhæfni:** Metanleg hæfniviðmið - Lykilhæfni fyrir 5. - 7. bekk.  
 Lykilhæfni er almenn hæfni nemenda óháð námssviðum en er aldurstengd.

Námsflokkar	Hæfniviðmið	Kennsluhættir	Námsmat
Talað mál, hlustun og áhorf	<i>Að nemandi:</i> <ul style="list-style-type: none"> <li>- þjálfist í framsögn, tjái eigin skoðanir, taki þátt í samræðum</li> <li>- hlusti og beiti þekkingu og reynslu til að skilja það sem sagt er</li> <li>- nýti sér myndefni og rafrænt efni á gagnrýninn hátt</li> <li>- eigi góð samskipti, hlusti og gæti tungu sinnar og sýni viðeigandi kurteis</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Undirbúningur fyrir framsagnarkeppni</li> <li>- Samskiptaverkefni</li> <li>- Bekkjarfundir</li> <li>- Ýmis kennslumyndbönd og hljóðbækur</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Námsmatsmappa unnin úr hæfniviðmiðum</li> <li>- Jafnt og þétt mat á verkefnum yfir önnina</li> </ul>
Lestur og bókmenntir	<i>Að nemandi</i> <ul style="list-style-type: none"> <li>• lesið texta af skilningi og lagt mat á hann</li> <li>• lesið gamlar og nýjar bókmenntir</li> <li>• notað þekkingu og reynslu ásamt</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Yndislestur</li> <li>- Lesskilningsverkefni</li> <li>- Ljóðalestur og verkefnavinna</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Lesfimipróf</li> <li>- Orðarún</li> </ul>

	<p>orðaforða við lestur og skilning á texta • greint og fjallað um aðalatriði í texta, helstu efnisorð og notað mismunandi aðferðir við lestur og skilning á texta • lesið sér til ánægju og fróðleiks og gert öðrum grein fyrir þeim áhrifum sem textinn hefur á hann greint nokkur frásagnarform bókmennta og beitt fáeinum bókmenntafræðilegum hugtökum til að efla skilning, s.s tíma, sjónarhorni, sögusviði og boðskap • afla upplýsinga úr bókum og fjölbreyttu efni, unnið úr þeim og nýtt við lausn verkefna</p>		
Ritun	<p><i>Að nemandi:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• skrifað læsilega, beitt ákveðnum aðgerðum í ritvinnslu og notað orðabækur • geti valið og skipulagt ólíka texta s.s. sögur, frásagnir, lýsingar og fyrimæli og tekið þátt í skapandi skrifum og flutt þau fyrir samnemendur • læri og geti beitt nokkrum atriðum stafsetningar</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Skriftaræfingar</li> <li>- Uppflettiverkefni í orðabókum</li> <li>- Sögugerð</li> <li>- Stafsetningarverkefni</li> <li>- Sóknarskrift</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Stafsetningarpróf</li> <li>- Verkefnamöppur</li> </ul>

<p>Málfræði</p>	<p><i>Að nemandi:</i>  áttáð sig á helstu einkennum og hlutverki nafnorða, lýsingarorða og sagnorða • áttáð sig á hvernig orðaforðinn skiptist í fallorð, sagnorð og óbeygjanleg orð • geri sér grein fyrir eigin máli, noti fjölbreyttan orðaforða í ræðu og riti og nýti sér málfræðikunnáttu við orðmyndun, tal og ritun • nýtt sér kunnáttu og færni til að fletta upp orðum í orðabókum og öðrum gagnabrunnum um mál • geti notað orðtök og málshætti í ræðu og riti, nýtt sér þekkingu á málfræði til að búa til setningar, málsgreinar og efnisgreinar • nýtt orðaforða sinn til að skapa ný orð og orðasambönd til að nota í eigin texta</p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Orðflokkavinna í vinnubókum</li> <li>- Verkefni frá kennara</li> <li>- Verkefni af skólavefnum</li> <li>- Málsháttarverkefni</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Mat á verkefnamöppu</li> <li>- Leiðsagnarmat jafnt yfir skólaárið</li> </ul>
-----------------	--	--	---

<p><b>Lokanámsmat:</b>  Leiðsagnarmat jafnt og þétt yfir skólaárið.  Lesfímipróf í september, janúar og maí.  Námsmatsmappa þar sem unnið er út frá hæfniviðmiðum.  Orðarún tvisvar yfir skólaárið.</p>
---

**Bekkur:** 5. bekkur  
**Námsgrein:** íslenska  
**Kennari:** Þorgerður Þóra Hlyndóttir  
**Tímafjöldi:** 6 tímar á viku

**Námsgögn:** Fyrsti smellur, málrækt, Stöngin inn, Skinna, Skrudda, Skræða, Lesfimiþróf, Orðarún og önnur gögn frá kennara.

**Lykilhæfni:** Metanleg hæfniviðmið - Lykilhæfni fyrir 5. - 7. bekk.  
 Lykilhæfni er almenn hæfni nemenda óháð námssviðum en er aldurstengd.

Námsflokkar	Hæfniviðmið	Kennsluhættir	Námsmat
Talað mál, hlustun og áhorf	<i>Nemandi geti:</i> <ul style="list-style-type: none"> <li>- þjálfast í framsögn</li> <li>- tjáð eigin skoðanir</li> <li>- tekið þátt í samræðum</li> <li>- hlustað af athygli og eigi góð samskipti</li> <li>- nýtt sér myndefni og rafrænt efni á gagnrýninn hátt</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Undirbúningur fyrir framsagnarkeppni</li> <li>- Samskiptaverkefni</li> <li>- Bekkjarfundir</li> <li>- Ýmis kennslumyndbönd og hljóðbækur</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Námsmatsmappa unnin úr hæfniviðmiðum</li> <li>- Jafnt og þétt mat á verkefnum yfir önnina</li> </ul>
Lestur og bókmenntir	<i>Nemandi geti:</i> <ul style="list-style-type: none"> <li>- lesið texta við hæfi með góðum hraða, af skilningi sér til ánægju og fróðleiks</li> <li>- lesið gamlar og nýjar bókmenntir auk þess beitt hugtökum er fjalla um form og innihald ljóða s.s. ljóðstafi, rím og boðskap</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Yndislestur</li> <li>- Lesskilningsverkefni</li> <li>- Ljóðalestur og verkefnavinna</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Lesfimiþróf</li> <li>- Orðarún</li> </ul>
Ritun	<i>Nemandi geti:</i> <ul style="list-style-type: none"> <li>- skrifað læsilega</li> <li>- beitt ákveðnum aðgerðum í ritvinnslu og notað orðabækur</li> <li>- valið og skipulagt ólíka texta s.s. sögur,</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Skrifstaræfingar</li> <li>- Uppflettiverkefni í orðabókum</li> <li>- Sögugerð</li> <li>- Stafsetningarverkefni</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Stafsetningarþróf</li> <li>- Verkefnamöppur</li> </ul>

	frásagnir, lýsingar og fyrirmæli og tekið þátt í skapandi skrifum og flutt þau fyrir samnemendur - lært og beitt nokkrum atriðum stafsetningar	- Sóknarskrift	
Málfræði	<i>Nemandi geti:</i> - áttað sig á helstu einkennum og hlutverki nafnorða, lýsingarorða og sagnorða - gert sér grein fyrir eigin máli, noti fjölbreyttan orðaforða í ræðu og riti og nýti sér málfræðikunnáttu við orðmyndun, tal og ritun - notað orðtök og málshætti í ræðu og riti og geti gert sér grein fyrir fjölbreytileika málsins	- Orðflokkavinna í vinnubókum - Verkefni frá kennara - Verkefni af skólavefnum - Málsháttarverkefni	- Mat á verkefnamöppu - Leiðsagnarmat jafnt yfir skólaárið

**Lokanámsmat:**

Leiðsagnarmat jafnt og þétt yfir skólaárið.

Lesfímipróf í september, janúar og maí.

Námsmatsmappa þar sem unnið er út frá hæfniviðmiðum.

Orðarún tvisvar yfir skólaárið.

**Bekkur:** 7. bekkur  
**Námsgrein:** Samfélagsgreinar  
**Kennari:** Sigurður Heiðarr  
**Tímafjöldi:** 2-3 kennslustundir á viku.

**Námsgögn:** Víkingaöldin, Ísland hér búum við, ýmislegt efni frá kennara.

**Lykilhæfni:** Metanleg hæfniviðmið - Lykilhæfni fyrir 5. - 7. bekk.  
 Lykilhæfni er almenn hæfni nemenda óháð námssviðum en er aldurstengd.

Námsflokkar	Hæfniviðmið	Kennsluhættir	Námsmat
Reyntluheimur: - Umhverfi, samfélag, saga, menning: Hæfni nemanda til að skilja veruleikann	<i>Nemandi geti:</i> - sýnt fram á skilning á mikilvægum gildum, s.s. kærleika og umhyggju fyrir öðrum - gert sér grein fyrir einkennum og stöðu Íslands í heiminum - greint samhengi heimabyggðar við umhverfi, sögu, menningu og félagsstarf - lýst náttúruferlum sem hafa áhrif á land og gróður - áttað sig á hvernig loftslag og gróðurfar hafa áhrif á búsetu og lífsskilyrði - gert sér grein fyrir nýtingu og vernd auðlinda og umhverfis, hvernig hver einstaklingur getur lagt sitt af	- Útlistunarkennsla: Kennarinn er í hlutverki fræðarans. Hann miðlar þekkingu, fræðir, útskýrir og spyr spurninga - Umræðu- og spurnaraðferðir: Kennarinn spyr markvissra spurninga til að skapa umræður og eflir þannig skilning nemenda á viðfangsefninu	- Verkefnamappa - Ýmsar kynningar

	<p>mörkum til verndar</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- notað kort og gröf til þess að afla sér upplýsinga</li> <li>- rætt um tímabil, atburði og persónur sem vísað er til í þjóðfélagsumræðu</li> <li>- greint hvernig sagan birtist í textum</li> <li>- rætt viðfangsefni sem snerta trú, lífsviðhorf og siðferði og sett í samhengi við atburði daglegs lífs og munum, hefðum og minningum</li> <li>- gert grein fyrir völdum frásögnum, hefðum, hátíðum, siðum og táknum í kristni og nokkrum helstu trúarbrögðum heims</li> </ul>		
<p>Hugarheimur:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- Sjálfmynd: Hæfni nemanda til að átta sig á sjálfum sér og öðrum</li> </ul>	<p><i>Nemandi geti:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- lýst með dæmum gildi jákvæðra lífsviðhorfa og dygða</li> <li>- gert sér grein fyrir eigin styrkleikum og veikleikum</li> <li>- lýst margvíslegum tilfinningum og áttað sig á áhrifum þeirra á hugsun og hegðun</li> <li>- tileinkað sér heilbrigða og holla lífshætti</li> <li>- metið jákvæð og neikvæð áhrif ýmissa áreita í umhverfinu á líf hans</li> <li>- sett sig í spor fólks með ólíkan bakgrunn</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Útlistunarkennsla: Kennarinn er í hlutverki fræðarans. Hann miðlar þekkingu, fræðir, útskýrir og spyr spurninga</li> <li>- Umræðu- og spurnaraðferðir: Kennarinn spyr markvissra spurninga til að skapa umræður og eflir þannig skilning nemenda á viðfangsefninu</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Verkefnamappa</li> <li>- Ýmsar kynningar</li> </ul>

<p>Félagsheimur:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- Samskipti: Hæfni nemanda til að mynda og þróa tengsl sín við aðra</li> </ul>	<p><i>Nemandi geti:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- tekið þátt í lýðræðislegu samstarfi og samræðu</li> <li>- metið og brugðist við ólíkum skoðunum</li> <li>- rökrætt um ólík málefni</li> <li>- tekið þátt í samræðu um stöðu sína sem þátttakandi í samfélaginu, réttindi og skyldur</li> <li>- sýnt sanngirni, sjálfstraust og virðingu í samskiptum og samvinnu við aðra</li> <li>- rætt um eigin athafnir og afleiðingar þeirra</li> <li>- rætt um reglur í samskiptum fólks og tekið þátt í að setja sameiginlegar leikreglur með öðrum</li> <li>- sýnt samferðarfólki sínu tillitsemi og umhyggju</li> <li>- nemendur kynnast jafnrétti og mannréttindum í samfélaginu</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Útlistunarkennsla: Kennarinn er í hlutverki fræðarans. Hann miðlar þekkingu, fræðir, útskýrir og spyr spurninga</li> <li>- Umræðu- og spurnaraðferðir: Kennarinn spyr markvissra spurninga til að skapa umræður og eflir þannig skilning nemenda á viðfangsefninu</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Verkefnamappa</li> <li>- Ýmsar kynningar</li> </ul>
--	--	---	--

**Lokanámsmat:** Verkefnaskil, símat og leiðsagnarmat yfir allt skólaárið.



**Bekkur:** 5. bekkur  
**Námsgrein:** Náttúrugreinar  
**Kennari:** Þorgerður Þóra Hlynsdóttir  
**Tímafjöldi:** 3 tímar á viku

**Námsgögn:** Auðvitað 1, 2 og 3 og annað efni frá kennara.

**Lykilhæfni:** Metanleg hæfniviðmið - Lykilhæfni fyrir 5. - 7. bekk.  
 Lykilhæfni er almenn hæfni nemenda óháð námssviðum en er aldurstengd.

Námsflokkar	Hæfniviðmið	Kennsluhættir	Námsmat
Geta til aðgerða	<i>Nemandi geti:</i> <ul style="list-style-type: none"> <li>- hlustað á, metið og rætt hugmyndir annarra</li> <li>- miðlað þekkingu sinni á skýran hátt</li> </ul>	Útlistunarkennsla: Kennarinn er í hlutverki fræðarans. Hann miðlar þekkingu, fræðir, útskýrir og spyr spurninga	Verkefnamappa
Nýsköpun og hagnýting þekkingar	<i>Nemandi geti:</i> <ul style="list-style-type: none"> <li>- fjallað um þekktar tækninýjungar eða vísindauppgötvanir</li> <li>- fjallað um hvernig ólík hæfni nýtist í störfum nútímans</li> </ul>	Útlistunarkennsla: Kennarinn er í hlutverki fræðarans. Hann miðlar þekkingu, fræðir, útskýrir og spyr spurninga	Verkefnamappa
Gildi og hlutverk vísinda og tækni	<i>Nemandi geti:</i> <ul style="list-style-type: none"> <li>- lesið og skrifað um hugtök í náttúruvísindum</li> <li>- útskýrt áhrif tækni og vísinda á líf fólks</li> </ul>	Efniskönnun: Byggist á sjálfstæðri upplýsingaleit nemenda um tiltekið efni í námsefninu sem þeir kynna sér	Verkefnamappa

		Umræðu- og spurnaraðferðir: Kennarinn spyr markvissra spurninga til að skapa umræður og eflir þannig skilning nemenda á viðfangsefninu	
Vinnubrögð og færni	<i>Nemandi geti:</i> <ul style="list-style-type: none"> <li>- glósað ný hugtök</li> <li>- unnið undir leiðsögn í hópi eftir verkskiptri tímaáætlun</li> <li>- notað ólíkar leiðir til þekkingarsköpunar</li> <li>- notað víðsjá</li> <li>- unnið eftir vísindalegum vinnubrögðum</li> <li>- framkvæmt einfaldar tilraunir inni og úti</li> <li>- notað ólíkar mælieiningar</li> <li>- geti umbreytt milli mælieininga</li> </ul>	Umræðu- og spurnaraðferðir: Kennarinn spyr markvissra spurninga til að skapa umræður og eflir þannig skilning nemenda á viðfangsefninu  Hópavinna: Nemendum er skipt í hópa og þeir vinna að viðfangsefnum í tengslum við námsefnið. Nemendur hafa ákveðið hlutverk innan hópsins og skipta með sér verkum  Efniskönnun: Byggist á sjálfstæðri upplýsingaleit nemenda um tiltekið efni í námsefninu, sem þeir kynna sér  Leitaraðferðir: upplýsingaöflun og úrvinnsla s.s. tilraunir	Verkefnamappa
Ábyrgð á umhverfinu	<i>Nemandi geti:</i> <ul style="list-style-type: none"> <li>- tekið eftir og rætt atriði í umhverfinu og gert grein fyrir áhrifum þeirra á lífsgæði íbúa</li> </ul>	Umræðu- og spurnaraðferðir: Kennarinn spyr markvissra spurninga til að skapa umræður og eflir þannig skilning nemenda á viðfangsefninu	Verkefnamappa

	<ul style="list-style-type: none"> <li>- lýst dæmum af áhrifum af gjörðum mannsins á náttúru og manngert umhverfi í heimabyggð</li> <li>- tekið þátt í að skoða, skilgreina og bæta eigið umhverfi og náttúru</li> </ul>		
Að búa á jörðinni	<i>Nemandi geti:</i> <ul style="list-style-type: none"> <li>- útskýrt innbyrðis afstöðu sólar og jarðar og hvernig hreyfing þeirra tengist árstíða- og dægraskiptum og því að tíminn líður</li> </ul>	Umræðu- og spurnaraðferðir: Kennarinn spyr markvissra spurninga til að skapa umræður og eflir þannig skilning nemenda á viðfangsefninu	Verkefnamappa
Náttúra Íslands	<i>Nemandi geti:</i> <ul style="list-style-type: none"> <li>- lýst reynslu sinni, athugun og upplifun af lífverum í náttúrulegu umhverfi. Geti gert grein fyrir notkun manna á auðlindum</li> </ul>	Umræðu- og spurnaraðferðir: Kennarinn spyr markvissra spurninga til að skapa umræður og eflir þannig skilning nemenda á viðfangsefninu	Verkefnamappa
Heilbrigði umhverfisins	<i>Nemandi geti:</i> <ul style="list-style-type: none"> <li>- dregið ályktanir af tilgangi flokkunar úrgangs og lýst kröftum sem hafa áhrif á daglegt líf manna</li> <li>- þekkt endurnýjanlega orkugjafa</li> </ul>	Umræðu- og spurnaraðferðir: Kennarinn spyr markvissra spurninga til að skapa umræður og eflir þannig skilning nemenda á viðfangsefninu	Verkefnamappa

<p>Samspil vísinda, tækni og þróunar í samfélaginu</p>	<p><i>Nemandi geti:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- gert grein fyrir ólíkum einföldum vélum</li> <li>- þekkt samsetningu segla</li> <li>- þekkt hugtökin gagnsæi og ógagnsæi</li> <li>- þekkt endurkast ljóss</li> <li>- þekkt safnlinsur og dreifilinsur</li> <li>- þekkt ólíkar gerðir spegla</li> <li>- gert grein fyrir ólíkum kröftum</li> <li>- þekkt leyndardóma flugsins</li> <li>- þekkt lögmál Arkímedesar</li> <li>- gert grein fyrir því hvernig hljóð berst</li> </ul>	<p>Umræðu- og spurnaraðferðir: Kennarinn spyr markvissra spurninga til að skapa umræður og eflir þannig skilning nemenda á viðfangsefninu</p> <p>Leitaraðferðir: upplýsingaöflun og úrvinnsla s.s. tilraunir</p>	<p>Verkefnamappa</p>
--	--	--	----------------------

**Lokanámsmat:** Verkefnamappa og tilraunir

**Bekkur: 7. bekkur**  
**Námsgrein: Íþróttir/sund**  
**Kennarar: Finnbogi Guðmundsson og Inga Jóna Sveinsdóttir**  
**Tímafjöldi: 3 tímar á viku**

**Námsgögn:** Áhöld í áhaldageymslu í íþróttahúsi og sundlaug

**Lykilhæfni:** Metanleg hæfniviðmið - Lykilhæfni fyrir 5. - 7. bekk.  
 Lykilhæfni er almenn hæfni nemenda óháð námssviðum en er aldurstengd.

Námsflokkar	Hæfniviðmið	Kennsluhættir	Námsmat
Líkamsvitund, leikni og afkastageta	<ul style="list-style-type: none"> <li>- gert æfingar sem reyna á loftháð þol</li> <li>- gert æfingar sem reyna á styrk og stöðugleika útlíma og bols</li> <li>- gert flóknar samsettar æfingar sem reyna á lipurð og samhæfingu</li> <li>- sýnt leikni í nokkrum mismunandi íþróttagreinum</li> <li>- tekið þátt í stöðluðum prófum til að meta þrek og hreysti, lipurð og samhæfingu</li> <li>- sýnt viðstöðulaust baksund, skriðsund og kafsund 8 m auk þess að stinga sér af bakka</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Grunnþjálfun</li> <li>- Grunnur að samhæfingu hreyfinga</li> <li>- Vatnsleikir og æfingar</li> <li>- Einfaldir hópleikir</li> <li>- Æfingar með bolta</li> <li>- Kynning á ýmsum íþróttagreinum</li> <li>- Stöðvabjálfun</li> <li>- Grunnatriði sundtaka</li> <li>- Styrktaræfingar</li> <li>- Knattleikir</li> <li>- Spaðaíþróttir</li> <li>- Frjálsar íþróttir</li> <li>- Sund og björgun</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>- 7. sundstig</li> <li>- Stöðumat</li> <li>- Símat</li> </ul>

<p>Félagslegir þættir</p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>- sýnt virðingu og góða framkomu hvort sem leikur vinnst eða tapast. Jafnframt viðhaft jákvæð og árangursrík samskipti til að efla liðsanda</li> <li>- skýrt mikilvægi þess að hafa leikreglur, farið eftir þeim bæði í hóp-og einstaklings íþrótt</li> <li>- rætt líkamsvitund, kynheilbrigði, staðalímyndir í íþrótttaumfjöllun og tekið virka afstöðu gegn ofbeldi.</li> </ul>		
<p>Heilsa- og efling þekkingar</p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>- gert sér grein fyrir gildi heilbrigðs lífennis fyrir starfsemi líkamans og mikilvægi hreinlætis í tengslum við íþróttir og sundiðkun,</li> <li>- útskýrt misjafnan líkamlegan þroska einstaklinga og kynja</li> <li>- notað hugtök sem tengjast sundiðkun og íþróttum</li> <li>- tengt hlutverk taugakerfis, hjarta, blóðrásar og lungna við líkamlega áreynslu</li> <li>- nýtt niðurstöður prófa til að setja sér skammtíma- og</li> </ul>		

	<p>langtímamarkmið í íþróttum og heilsurækt og unnið að þeim</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- sótt sér margvíslegar upplýsingar við undirbúning og úrvinnslu verkefna í skólaíþróttum og útivist</li> <li>- tekið þátt í glímu og ýmsum leikjum</li> <li>- tekið þátt á ábyrgan hátt í útivist með tilliti til aðstæðna og ratað um landsvæði eftir korti</li> </ul>		
Öryggis-og skipulagsreglur	<ul style="list-style-type: none"> <li>- gert sér grein fyrir mikilvægi öryggis-og umgengnisregla og tekið ákvarðanir á þeim grunni.</li> <li>- Beitt helstu atriðum skyndihjálpar, endurlífgun og bjargað jafningja á sundi stutta sundleið.</li> </ul>		

**Lokanámsmat:** 7..sundstig og frammistöðumat yfir önnina

<b>Bekkur:</b> 7 <b>Námsgrein:</b> Stærðfræði <b>Kennari:</b> Elva Þórisdóttir <b>Tímafjöldi:</b> 6
<b>Námsgögn:</b> Stika 3a og 3b, ljósrit, vefefni ýmis konar og annað ítarefni
<b>Lykilhæfni:</b> Metanleg hæfniviðmið - Lykilhæfni fyrir 5. - 7. bekk. Lykilhæfni er almenn hæfni nemenda óháð námssviðum en er aldurstengd.
<b>Námsmat:</b> Símat sem skiptist á eftirfarandi hátt: Lotu- og kaflapróf, tímaverkefni, heimavinna, þátttaka í umræðum, sjálfsmat, vinnusemi, vinnubrögð og sjálfstæði.

Námsflokkar	Hæfniviðmið við lok 10. bekkjar:	Við lok . bekkjar á nemandi að geta:	Kennsluhættir
<b>Að geta spurt og svarað um stærðfræði</b>	<b>Við lok 7. bekkjar á nemandi að geta (skv. Aðalnámskrá grunnskóla bls. 211-217):</b> Tjáð sig um stærðfræði, útskýrt hugsun sína um hana fyrir öðrum, leitað lausna og sett stærðfræðileg viðfangsefni fram á fjölbreyttan hátt með því að beita skapandi hugsun, ígrundun, óformlegri og einfaldri, formlegri röksemdarfærslu, fylgt og metið rökstuðning annarra.	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Spurt og tjáð sig munnlega og skriflega um spurningar og svör sem eru einkennandi fyrir stærðfræði og hefur innsýn í hvers konar svara má vænta</li> <li>• Sett sig inn í og tjáð sig, bæði munnlega og skriflega, um ólíkar leiðir við lausnir stærðfræðiverkefna.</li> <li>• Sett fram, meðhöndlað, túlkað og greint einföld reiknilíkön, teikningar og myndrit sem tengjast umhverfi hans og daglegu lífi</li> <li>• Leyst stærðfræðiþrautir um viðfangsefni sem gefa tækifæri til að beita innsæi, eigin túlkun og framsetningu, byggða á fyrri reynslu</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Umræður og spurningar.</li> <li>• Nemendur læra ýmis hugtök stærðfræðinnar og eiga að þekkja og geta útskýrt í lok vetrar.</li> <li>• Lögð áhersla á að nemendur útskýri hvaða leið þeir fóru við lausn verkefna bæði í töluðu og rituðu máli</li> <li>• Nemendur hvattir til að nota eigin orð og fyrri þekkingu við lausnir ýmissa þrauta og</li> </ul>



		og þekkingu.	verkefna, bæði á töluðu og rituðu máli.
<b>Að kunna að fara með tungumál og verkfæri stærðfræðinnar</b>	<b>Við lok 7. bekkjar á nemandi að geta (skv. Aðalnámskrá grunnskóla bls. 211-217):</b> Notað hugtök og táknmál stærðfræðinnar og hentug verkfæri, þar með talin hlutbundin gögn, reiknirit, talnalínu, vasareikna og tölvur til rannsókna á stærðfræðilegum viðfangsefnum og tjáð sig bæði munnlega og skriflega um lausnir stærðfræðiverkefna.	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Notað hugtök og táknmál stærðfræðinnar og hentug verkfæri, þar með talin hlutbundin gögn, reiknirit, talnalínu, vasareikna og tölvur til rannsókna á stærðfræðilegum viðfangsefnum og tjáð sig bæðimunnlega og skriflega um lausnir stærðfræðiverkefna</li> <li>• Sett sig inn í og tjáð sig, bæði munnlega og skriflega, um ólíkar leiðir við lausnir stærðfræðiverkefna.</li> <li>• Valið og notað hentug verkfæri, þar með talin hlutbundin gögn, reiknirit, talnalínu, vasareikna og tölvur, til rannsókna á stærðfræðilegum viðfangsefnum.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Umræður og spurningar.</li> <li>• Nemendur vinna. hlutbundið með málbönd, reglustikur og gráðuboga til að átta sig á umhverfi sínu.</li> <li>• Áhersla á að nemendur útskýri hvaða leið þeir fóru við lausn verkefna bæði í töluðu og rituðu máli.</li> </ul>
<b>Vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar</b>	<b>Við lok 7. bekkjar á nemandi að geta (skv. Aðalnámskrá grunnskóla bls. 211-217):</b> Unnið einn og í samvinnu við aðra að því að rannsaka greina, túlka, setja fram tilgátur og finna lausnir á viðfangsefnum, sem tengjast samfélagi og umhverfi með fjölbreyttum aðferðum og kynnt niðurstöður sínar, lesið og lagt mat á stærðfræðitexta.	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Unnið einn og í samvinnu við aðra að því að rannsaka, greina, túlka, setja fram tilgátur og finna lausnir á viðfangsefnum, sem tengjast samfélagi og umhverfi með fjölbreyttum aðferðum og kynnt niðurstöður sínar, lesið og lagt mat á stærðfræðitexta</li> <li>• Tekið þátt í að próa fjölbreyttar</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Nemendur vinna saman í hópum og þörum þar sem krafist er virkni allra og nemendur hvattir til að sýna frumkvæði í öllum sínum verkum.</li> <li>• Stærðfræðiforrit, veraldarvefurinn og</li> </ul>

		<p>lausnaleiðir, með því m.a. að nota skráningu með tölum, texta og teikningum</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Lesið einfaldan, fræðilegan texta og notað upplýsingar, þar sem stærðfræðihugtök koma fyrir.</li> <li>• Undirbúið og flutt kynningar á eigin vinnu með stærðfræði.</li> <li>• Unnið í samvinnu við aðra að lausnum stærðfræðiverkefna, þar sem byggt er á ólíkum forsendum og hugmyndum nemenda.</li> <li>• Þekki helstu hugtök um fjármál og geti tekist á við verkefni úr umhverfinu eða samfélaginu, þar sem þarf að afla upplýsinga, vinna úr þeim og finna lausn.</li> </ul>	öpp notuð.
<b>Tölur og reikningur</b>	<p><b>Við lok 7. bekkjar á nemandi að geta (skv. Aðalnámskrá grunnskóla bls. 211-217):</b> Tjáð stærðir og hlutföll, reiknað með ræðum tölum, tekið þátt í að þróa lausnaleiðir við útreikninga, skráð svör sín með taugakerfisrithætti, nýtt sér samhengi og tengsl reikniaðgerðanna.</p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Forgangsráðað reikniaðgerðum rétt og reiknað dæmi með svigum.</li> <li>• Notað ræðar tölur, raðað þeim og borið saman.</li> <li>• Fundið og útskýrt þáttun, framtölur og samsettar tölur.</li> <li>• Skráð hlutföll og brot á ólíka vegu og sýnt fram á að hann skilur sambandið milli almennra brota, tugabrota og prósentu.</li> <li>• Notað almenn brot, tugabrot og prósentur við útreikninga á einföldum daglegum viðfangsefnum</li> <li>• Leyst viðfangsefni sem sprottin úr</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Ýmsar kennsluáðferðir til að nemendur nái markmiðum sínum t.d. innlagnir, umræður, sýnikennsla, glósur, reikningur, einstaklingsvinna, hópavinna og upplýsingatækni.</li> </ul>

		<p>daglegu lífi og umhverfi, með hugarreikningi, vasareikni, tölvuforritum og skriflegum útreikningum</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Lagt saman og dregið frá með negatífum tölum.</li> <li>• Getur unnið með reikniaðgerðirnar fjórar þegar um almenn brot er að ræða.</li> <li>• Getur breytt milli eiginlegra brota, óeiginlegra brota og blandinna talna.</li> <li>• Unnið með samhengið á milli vegalengdar, hraða og tíma.</li> <li>• Unnið með km/klst og m/sek.</li> <li>• Unnið með frumtölur og samsettar tölur.</li> </ul>	
<b>Algebra</b>	<p><b>Við lok 7. bekkjar á nemandi að geta (skv. Aðalnámsskrá grunnskóla bls. 211-217):</b> Rannsakað mynstur, notað bókstafi fyrir óþekktar stærðir, fundið lausnir á jöfnum með óformlegum aðferðum og notað reglur algebrunnar við reikning.</p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Rannsakað mynstur.</li> <li>• Notað bókstafi fyrir óþekktar stærðir.</li> <li>• Fundið lausnir á jöfnum með óformlegum aðferðum og notað reglur algebrunnar við reikning.</li> <li>• Reiknað eftir forgangsörð aðgerða við lausn jafna.</li> <li>• Leyst fyrir allar reikniaðgerðirnar fjórar, einfaldar jöfnur sem innihalda eina óþekktu stærð.</li> <li>• Skráð einfalda jöfnu út frá mynstri í mynd.</li> <li>• Fundið gildi stæðu.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Ýmsar kennsluáferðir til að nemandur náí markmiðum sínum t.d. innlagnir, umræður, sýnikennsla, glósur, reikningur, einstaklingsvinna, hópavinna og upplýsingatækni.</li> </ul>

<p><b>Rúmfræði og mælingar</b></p>	<p><b>Við lok 7. bekkjar á nemandi að geta (skv. Aðalnámsskrá grunnskóla bls. 211-217):</b>          Notað undirstöðuhugtök rúmfræðinnar og unnið með rúmfræðilegar færslur, einlögun og mælikvarða, búið til líkön og teiknað skýringarmyndir, áætlað og mælt horn, þyngd, tíma og hitastig með viðeigandi mælikvarða, áætlað og mælt lengd, flöt og rými og nýtt hnitakerfi, hlutbundin gögn og tölvur til þessara hluta.</p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>● Beitt gráðuboga og mælt horn.</li> <li>● Unnið með þá vitneskju að hringur er 360°.</li> <li>● Unnið með reglurnar um grannhorn, topphorn og lagshorn og getur beitt þeim.</li> <li>● Getur unnið með reglur um hornasummur hyrninga.</li> <li>● Getur reiknað flatarmál samsettra mynda.</li> <li>● Reiknað rúmmáli ferstrendings út frá formúlunni <math>R=G \cdot h</math> (þar sem <math>G</math> er flatarmál grunnflatar).</li> <li>● Kynnist yfirborðsflatarmáli ferstrendinga.</li> <li>● Lesið táknið fyrir flatarmál og rúmmál og skráð þau.</li> <li>● Unnið með helstu skammstafanir í metrakerfinu m, cm, dm, mm, km, l, dl, ml, g, kg og sambandið á milli eininganna.</li> <li>● Les hnit af hnitakerfi með neikvæðum og jákvæðum tölum.</li> <li>● Speglað, snúið og hliðrað flatarmyndum í hnitakerfi.</li> <li>● Unnið með tímaútreikninga (sek, mín, klst, sólarhringa, daga, vikur, ár).</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>● Ýmsar kennsluaðferðir til að nemendur nái markmiðum sínum t.d. innlagnir, umræður, sýnikennsla, glósur, reikningur, einstaklingsvinna, hópavinna og upplýsingatækni.</li> <li>● Unnið hlutbundið með reglustikur, málbönd og gráðuboga.</li> <li>● Unnið hlutbundið með mælingar á ummáli og flatarmáli.</li> </ul>
------------------------------------	---	--	--

<b>Tölfræði og líkindi</b>	<p><b>Við lok 7. bekkjar á nemandi að geta (skv. Aðalnámskrá grunnskóla bls. 211-217):</b> Framkvæmt einfaldar tölfræðirannsóknir, unnið og lesið úr niðurstöðum sínum, sett upp í einföld myndrit, tekið þátt í umræðum um gögn og upplýsingar, dregið ályktanir um líkur og reiknað út líkur í einföldum tilvikum.</p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Framkvæmt kannanir sem byggjast á athugunum, spurningalistum eða tilraunum.</li> <li>• Sótt gögn í gagnabanka eða úr eigin rannsóknum, unnið með upplýsingarnar, kynnt þær með myndritum og ályktað út frá þeim. .</li> <li>• Lesið úr súluriti, skifuriti og línuriti.</li> <li>• Fundið tíðasta gildi, miðgildi og meðaltal.</li> <li>• Reiknað hlutfall út frá tíðnitöflu.</li> <li>• Dregið ályktanir um líkur út frá eigin tilraunum og borið saman við fræðilegar líkur.</li> <li>• Reiknað út líkur í einföldum tilvikum.</li> <li>• Fundið fjölda möguleika á að raða hlutum á mismunandi vegu.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Ýmsar kennsluáðferðir til að nemendur náí markmiðum sínum t.d. innlagnir, umræður, sýnikennsla, glósur, reikningur, einstaklingsvinna, hópavinna og upplýsingatækni.</li> <li>• Gerð kannanna sem tengjast málefnum nemenda. Niðurstöður dregnar saman og settar í myndrit.</li> </ul>
----------------------------	--	---	---

<b>Bekkur: 7. bekkur</b> <b>Námsgrein: Textílmennt</b> <b>Kennarar: Vigdís Elva Þorgeirsdóttir</b> <b>Tímafjöldi: 4 tímar á viku</b>
<b>Námsgögn:</b>
Garn, ullarkemba, saumavél, javi, efnisstrangi

Námsflokkar	Hæfniviðmið	Kennsluhættir	Námsmat
Að nemendur læri undirstöðuna í krosssaum. Að nemendur læri garðarprjón Að nemendur kynnist ullarkembu Að nemendur saumi púða	Saumi litla mynd í java prjóni slaufu þæfi lítið þæfingarverkefni Sniði og saumi púða	Læri garðarprjón, prjóni lítið stykki. Saumi út mynd í java og saumi javan á púða sem þau sauma í saumavél. Læri að sauma púða og allan frágang á honum.	Símat. Nemandi og kennari meta árangur í lok hvers tíma. Horft er í getu nemanda til þess að fara eftir munnlegum og skriflegum fyrirmælum. Einnig er til mats virkni, vinnubrögð og virðing í garð áhalda.

**Bekkur: 7. bekkur**  
**Námsgrein: Heimilisfræði**  
**Kennarar: Finnbogi Guðmundsson**  
**Tímafjöldi: 4 tímar í viku.**

**Námsgögn: Gott og gagnlegt 1 og 2. Eldhús og áhöld sem tengjast því.**

**Lykilhæfni:** Metanleg hæfniviðmið - Lykilhæfni fyrir 5. - 7. bekk.  
 Lykilhæfni er almenn hæfni nemenda óháð námssviðum en er aldurstengd.

Námsflokkar	Hæfniviðmið	Kennsluhættir	Námsmat
Matur og lífshættir	<ul style="list-style-type: none"> <li>tjáð sig um heilbrigða lífshætti og tengsl þeirra við heilsufar</li> <li>tjáð sig um aðalatriði næringarfræðinnar</li> <li>farið eftir leiðbeiningum um hreinlæti og þrif tengdu heimilishaldi</li> <li>gert sér grein fyrir helstu kostnaðarliðum við heimilishald og sé meðvitaður um neytendavernd.</li> </ul>	<p>Kennslan er bæði verkleg og bókleg. Í upphafi tíma er farið yfir uppskriftir og verklega þætti sem nemendur vinna svo sjálfir með aðstoð kennara.</p> <p>Nemendur vinna oftast í hópum í verklegri kennslu og bóklegri.</p>	<p>Leiðsagnarmat fer fram jafnóðum. Við námsmat er tekið tillit til eftirfaranda þátta: virkni í tímum, umgengni um stofunna og frágang. Bókleg og verkleg verkefni sem tengjast hæfniviðmiðum. Inni í á Mentor eru markmið sem hakað er í eftir námsframvindu nemenda í lok lotu.</p>

Matur og vinnubrögð	<ul style="list-style-type: none"> <li>• matreitt einfaldar og hollar máltíðir og nýtt hráefnið sem best</li> <li>• unnið sjálfstætt eftir uppskriftum og notað til þess algengustu mæli- og eldhúshöld</li> <li>• greint frá helstu orsökum slysa á heimilum og hvernig má koma í veg fyrir þau</li> <li>• nýtt margvíslega miðla til að afla upplýsinga er varða matreiðslu, næringarfræði og meðferð matvæla.</li> </ul>		
Matur og umhverfi	<ul style="list-style-type: none"> <li>• tengt viðfangsefni heimilisfræðinnar við jafnrétti og sjálfbærni og áttað sig á uppruna helstu matvæla</li> <li>• skilið og rætt mismunandi umbúðarmerkingar, metið útlit og gæði matvæla og útskýrt hvernig á að geyma þau.</li> </ul>		
Matur og menning	<ul style="list-style-type: none"> <li>• tjáð sig um ólíka siði og venjur, og þjóðlegar íslenskar hefðir í matargerð.</li> </ul>		

**Lokanámsmat:**

Símat sem skiptist niður í: Bókleg/verkleg verkefni, hegðun, umgegni og vinnusemi.



**Bekkur: 7. bekkur**  
**Námsgrein: Hönnun og smíðar**  
**Kennarar: Þorgerður Þóra Hlynsdóttir**

**Lykilhæfni:** Metanleg hæfniviðmið - Lykilhæfni fyrir 1. - 7. bekk.  
 Lykilhæfni er almenn hæfni nemenda óháð námssviðum en er aldurstengd.

Námsflokkar	Hæfniviðmið	Kennsluhættir	Námsmat
Hönnun og smíði	<ul style="list-style-type: none"> <li>• valið og notað nokkur verkfæri sem hæfa viðfangsefni á öruggan hátt,</li> <li>• gert grein fyrir nokkrum smíðaeignum sem unnið er með. valið og notað á réttan hátt helstu verkfæri og mælitæki,</li> <li>• gert grein fyrir uppruna og notagildi þess efniviðar sem notaður er í smíðastofunni dregið einfalda skissu og tvívíða teikningu til að útskýra hugmyndir sínar,</li> <li>• unnið verkefni frá hugmynd að fullunnum hlut með áherslu á form og útlit,</li> <li>• sýnt góða nýtingu þeirra efna sem unnið er með,</li> <li>• gert grein fyrir hvort efni séu hættuleg og hvernig hægt er</li> </ul>	<p>Innlögn frá kennara í upphafi tíma.</p> <p>Upplýsingatækni nýtt við verkefnaval ásamt bókum, verkefnablöðum og teikningum bæði þeirra eigin og frá kennara.</p>	Leiðsagnamat, símat og frammistaða í tímum.

	<p>að endurnýta og flokka efni sem fellur til í smíðastofunni,</p> <ul style="list-style-type: none"><li>• framkvæmt einfaldar samsetningar, útskýrt hugmyndir sínar með því að rissa upp málsetta vinnuteikningu,</li><li>• lesið einfalda teikningu, smíðað eftir henni og unnið eftir hönnunarferli frá hugmynd að lokaafurð,</li><li>• valið samsetningar og yfirborðsmeðferð sem hæfa verkefnum,</li><li>• lýst hvernig tæknin birtist í nánasta umhverfi hans og almennt í samfélaginu,</li></ul>		
--	---	--	--

**Lokanámsmat:**

Leiðsagnar- og frammistöðumat yfir tímabilið.